



Forsætisráðuneytið

Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E26/2024 um eftl norrænt samstarf gagnvart ESB

Svíþjóð hefur sem formennskuland mótttekið skriflega fyrirspurn Norðurlandaráðs E26 um eftl norrænt samstarf gagnvart ESB. Fyrirspurninni er skipt upp með eftirfarandi hætti:

Hvernig er háttað samstarfi norrænu ríkisstjórnanna um löggjöf ESB?

Hvernig standa norrænu ríkisstjórnirnar að því að tryggja hagsmuni Norðurlanda við stefnumörkun ESB á sviðum eins og grænum umskiptum, viðbúnaði og stafrænni væðingu?

Vinna norrænu ríkisstjórnirnar saman um Evrópusambandsmál í samstarfi þeirra á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar?

Eru málefni sem ríkisstjórnirnar taka mismunandi afstöðu til, þar sem norrænu löndin hafa mismunandi skoðun?

Óvissan í heimsmálunum og innganga Finnlands og Svíþjóðar í Atlantshafs-bandalagið hafa styrkt tengsl okkar, ekki aðeins

innan Norðurlanda heldur einnig kringum Eystrasalt og í Evrópusambandinu. Nú er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að hafa í huga sameiginleg gildi okkar og mikilvægi samstarfsins við bandamenn okkar á Norðurlöndum, í Evrópu og hinum megin við Atlantshafið.

Þau úrlausnarefni og kröfur um breytingar sem við stöndum öll frammi fyrir vegna öryggismála, viðbúnaðar, loftslags- og umhverfisverndar, stafrænnar tækniþróunar og samkeppnishæfni, svo að nokkuð sé nefnt, eru þungamiðja bæði í samstarfinu um ESB/EES og norrænu samstarfi. Rétt er að líta svo á að annar samstarfsvettvangurinn styðji við hinn. Virkt norrænt samstarf um ESB-mál er ein af forsendunum fyrir því að framtíðarsýnin um að Norður-lönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030 nái fram að ganga. Þá má ekki gleyma því að norrænt samstarf, svo sem á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar, er mikilvægt fyrir starfsemi tengda Evrópu-sambandinu, til dæmis ef tekin er forysta í málum sem varða sambandið.

Dæmi um þetta er vinna Norrænu ráðherranefndarinnar að stafvæðingu þar sem markmiðið er að norrænu löndin og Eystrasaltslöndin leggi gott til við þróun og innleiðingu á svokölluðu rafrænu veski Evrópusambandsins.

Almennt séð er norrænt samstarf um málefni ESB rótgróið og skilvirkt. Það fer fram samtímis á mörgum mismunandi sviðum, bæði milli höfuðborganna og á vettvangi í Brussel. Sameiginleg

grunnngildi og forsendur leiða til sömu afstöðu landanna í ýmsum greinum. Samstarfið á sér stað með óformlegum hætti og samráði fyrir fundi, ekki síður meðal starfsmanna en ráðherra, þar sem aðilar bera saman bækur sínar og stilla ósjaldan saman strengi sína. Til dæmis hittast allir norrænu samgönguráðherrarnir í Brussel einu sinni á ári í tengslum við fund samgönguráðherra Evrópusambandsríkjanna.

Önnur skýr dæmi:

Norrænt samstarf um samkeppnishæfni og öryggismál var eitt af aðalmálum yfirlýsingar sem norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu í maí á þessu ári. Þar segir að stefnt skuli að því að Norðurlönd, sem hluti af stærri heild á Evró-Atlantshafssvæðinu, taki alþjóðlega forystu á sviði grænnar og stafrænnar tækni.

Á fagsviðum Norrænu ráðherranefndarinnar fara reglulega fram samræður um ESB-mál og þegar hentar er unnt að hefja nánara samstarf um einstök mál. Á fyrra ári hefur til dæmis verið unnið að því að efla samstarf um bygg-ingarreglur, þar sem ósamræmi veldur stjórnsýsluhindrunum, með því að auka upplýsingaflæði um beitingu nýrra og breyttra reglna á vettvangi ESB. Á síðasta fundi umhverfis- og loftslagsráðherranna í norrænu samhengi (MR-MK) var rætt um hvernig norrænu löndin gætu í sameiningu stuðlað að nánara samstarfi sín á milli um væntanlega endurskoðun á efnareglum Evrópusambandsins REACH.

Oft og tíðum þarf meira til en norrænt samstarf eitt og sér til að hafa áhrif á stefnu mikilvægra mála í ESB-samstarfinu.

Samstarfið þarf að vera víðtækara eigi það að bera tilætlaðan árangur. Hin seinni ár hefur norrænt-baltneskt samstarf verið eflt, bæði milli höfuðborganna og í Brussel, og það er mikil-vægt fyrir samanlögð áhrif okkar innan ESB. Með slíkri breiðfylkingu náum við ákveðinni hlutfallsstærð innan ESB sem gagnast við að standa vörð um sameiginleg grundvallargildi eins og gagnsæi og frjálsa verslun. Aðildarríki ESB á Norðurlöndum og við Eustrasalt (NB6) hafa nú þegar með sér náið samstarf um ýmis málefni sem ríkir samstaða um. Þetta á til dæmis við um stafræna þróun, innri markað ESB, umhverfis- og loftslagsmál, reglur réttar-ríkisins, stuðning við Úkraínu og sambandið við Rússland.

Þótt samstarfið sé víðtækt kann að vera akkur í að þetta raðirnar frekar, ekki síst hvað snertir beitingu löggjafar sem á uppruna sinn að rekja til ESB og varðar mikilvæg málefni á Norðurlöndum. Ríkisstjórnir og þjóðþing Norður-landa hafa hvert fyrir sig verklagsreglur um athugun á nýrri löggjöf frá ESB. Í sumum löndum er tilgangur slíkrar skoðunar m.a. að fyrirbyggja stjórnsýslu-hindranir.

Slíkar fyrirbyggjandi aðgerðir eru snar þáttur í nýrri áætlun Norrænu ráð-herranefndarinnar um hreyfanleika og frjálst flæði og í baráttunni gegn stjórnsýsluhindrunum. Í þessu efni hefur mikið að segja að Norðurlönd framkvæmi tilskipanir frá ESB með samræmdum hætti.

Auðvitað eru hagsmunir norrænu landanna ekki alltaf þeir sömu á öllum sviðum og getur oltið á mismunandi forsendum landanna hvaða pól þau taka í hæðina varðandi málefni ESB. Þrátt fyrir það er margt sem tengir löndin saman ef horft er til helstu stefnumála ESB og daglegra úrlausnarefna.

Norrænt samstarf og samstarf um ESB er ekki ósamrýmanlegt. Þvert á móti sækir það styrk hvort til annars.

Norðurlönd ættu ekki að hvika frá varðstöðu sinni um sameiginleg gildi og halda áfram að knýja á um mál sem varða mikla hagsmuni eins og græn umskipti, stafvæðingu, öryggi og aukna samkeppnishæfni þar sem norrænu löndin hafa mikið fram að færa. Aukið samstarf gerir okkur kleift að móta öflugri og viðnámsþolnari Evrópu sem og Norðurlönd.

Fyrir hönd ríkisstjórnanna á Norðurlöndum,

Jessica Rosencrantz,

ESB-ráðherra Svíþjóðar, sem einnig fer með málefni Norðurlanda